



Frístundakort í Sveitarféluginu Vogum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga greiðir íbúum sveitarfélagsins 18 ára og yngri og 67 ára og eldri árlegan frístundastyrk. Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun ársins 2020 er upphæð frístundastyrksins kr. 25.000 á einstakling fyrir hvert ár.

FRÍSTUNDAKORT – REGLUR OG SKILYRÐI

Markmið og tilgangur Frístundakortsins – ungmenni 18 ára og yngri

Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Sveitarféluginu Vogum geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfí óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Með Frístundakortinu má greiða að hluta fyrir íþróttaiðkun, tómstundastarf og annars konar uppbyggjandi starf á vegum félaga og samtaka sem starfa í Vogum og nágrennusveitarfélögum. Markmiðið með styrknum er m.a. að vinna gegn óæskilegu brottafalli í eldri aldurshópum iðkenda. Til að nýta styrkinn þurfa forráðamenn að notast við Nóra kerfið sem viðkomandi félag er tengt við. Ef félagið er ekki tengt við Nóra þarf að leita aðstoðar hjá íþrótt- og tómstundafulltrúa með nýtingu styrksins. Styrkurinn getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald.

Markmið og tilgangur Frístundakortsins – íbúar 67 ára og eldri

Eldri borgarar er sá hópur íbúa sveitarfélagsins sem mun fjölga hlutfallslega mest á næstu árum. Einstaklingar í þessum aldurshópi eru almennt betur á sig komnir líkamlega en áður var. Með því að hvetja þennan aldurshóp til reglubundinnar hreyfingar og ástundun heilbrigðs lífernis aukast lífsgæðin auk þess sem álag á heilbrigðis- og umönnunarkerfið minnkar. Sveitarfélagið Vogar vill því leggja sitt að mörkum með því að endurgreiða þjálfunarkostnað þessa aldurshóps, hvort sem það er skipulögð hreyfing undir stjórn þjálfara gegn framvísun kvittunar eða framvísun greiðslukvittunar fyrir líkamsræktarkorti sem gildir í a.m.k. þrjá mánuði. Styrkurinn getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþróttareinrar. Á reikningi þarf að koma fram nafn og kennitala útgefanda reiknings, nafn og kennitala iðkanda og fyrir hvað er verið að greiða, starfs- eða æfingatímabil, hvenær starfsemi fer fram og hvar hún fer fram.

Almennar reglur um Frístundakort og frístundastyrk

- Með Frístundakortinu er ekki mögulegt að greiða fyrir sérstakan viðbótarkostnað svo sem tæki og búnað, fatnað, ferðakostnað o.b.h.
- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli Frístundakortsins þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður flytji styrkþegi úr sveitarféluginu.

Reglur þessar eru endurskoðaðar í febrúar 2020 og samþykktar á 298. fundi bæjarráðs þann 19. febrúar 2020
og staðfestar á 165. fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2020



Vogar
Bæjarstjóri

Ásgeir Eiríksson

f.h. Sveitarfélagsins Voga, Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri